

ÚLFAR BRAGASON

Íslenskukennsla við erlenda háskóla

Íslensk þjóð er stjórnmálaleg eining. Allir þeir sem hafa íslenskan ríkisborgararétt njóta hér fullra réttinda hvort sem foreldrar þeirra eru fæddir Íslendingar eða ekki. Hins vegar hafa erlendir ríkisborgarar ekki óskað eftir ríkisborgararéttindum hér svo að nokkru nemi fyrr en á síðustu árum og fáir erlendir menn hafa dvalist hér á landi til langframa enda hafa verið sett ströng skilyrði fyrir dvöl þeirra hér. Íslenskt þjóðfélag hefur því einkennst af menningarlegri einsleitni og þess vegna vísar hugtakið *íslensk þjóð* í hugum margra til menningarlegrar einingar. Orðið *Íslendingur* er því oftast bundið við þá sem tala íslensku og deila íslenskri sögu og menningararfi. Með auknum samgöngum og viðskiptum milli landa og meiri fólksflutningum en áður hefur þeim erlendu ríkisborgurum fjölgað sem koma hér í atvinnuleit og jafnvel setjast hér að. Það kann því að verða ljósar áður en langt um líður að íslensk þjóð er ekki menningarleg eining.

Tungumál er kerfi orða, oftast með hefðbundna merkingu, sem fólk notar til að gera sig skiljanlegt hvað fyrir öðru, tjá hugsanir sínar og tilfinningar. Árni Böðvarsson, fv. málfráðunautur Ríkisútvarpsins, sagði í bók sinni *Íslenskt málfrá* að það væri „eðli hvernar tungu að fullnægja kröfum þess mannfélags sem notar hana. Þjóð sem skiptir um tungumál nýtir sér áfram möguleika málsins, og þeir sem byggja Ísland halda áfram að vera Íslendingar, þó að íslensk tunga breytist mjög eða líði jafnvel undir lok. En ef svo færi, yrðu rofin ómetanleg tengsl milli kynslóðanna í landinu [159].“ Eins og hann benti á er varðveislusjónarmiðið „ein mikilvægasta ástæða málræktar. Okkur Íslendingum nútímans ber að skila framtíðinni þeim menningararfi sem við höfum fengið frá fólki fyrri tíma [170].“ Íslenskri tungu þar með.

Þetta held ég að flestum, sem nota íslensku, sé ljóst. Ég álít því að það sé engin andstaða við þá málrækt sem stefnir að því að viðhalda málinu. Gagnrýni manna hefur hins vegar beinst að hreintungustefnunni og þeirri ofuráherslu sem sumum þykir að lögð sé á hvernig hlutir eru orðaðir á íslensku en ekki hvað sagt er. Gagnrýnin hefur líka beinst að hinni sjálfskipuðu málfráslögreglu menntamanna sem gerir kröfu til að allir tali og skrifi eins og þeim var kennt í framhaldsskóla. Þessi krafa tengist greinilega baráttunni um hver skuli hafa orðavaldið í íslensku þjóðfélagi.

„Líf þjóðar er ... dagleg atkvæðagreiðsla,“ sagði franskur trúarbragðafræðingurinn Ernest Renan í þekktum fyrirlestri fyrir rúmri öld um spurninguna *Hvað er þjóð?* (Guðmundur Hálfðanarson 1996:11). Þótt *þjóð* sé stjórnmálaleg eining skapar sameiginlegt tungumál, saga og menningararfarir samkennd meðal hennar. Samkenndin er því gjarnan mest í einsleitnu þjóðfélagi eins og því íslenska. Ég heyrði einu sinni talað um að sum tungumál væru „lokuð“ en önnur „opin“. Þá var ekki átt við að sum mál væru opnari fyrir áhrifum en önnur heldur það viðhorf þeirra sem töluðu svokölluð lokuð mál að þeir sem ættu þau ekki að móðurmáli gætu aldrei lært þau til nokkurrar hlítar enda væru þau svo „erfið“. Þessu viðhorfi fylgdi þá að meðvitað eða ómeðvitað kæmu málnotendurnir í veg fyrir að erlendir menn gætu lært málið eða a.m.k. notað það. Íslendingar hafa að vísu verið jákvæðir gagnvart menntafólki sem lagt hefur sig eftir íslensku vegna rannsókna sinna, einkum á máli, sögu og bókmenntum. En erlendir námsmenn, sem ég hitti, kvarta undan óþolinmæði Íslendinga við að tala íslensku við þá og þeir kjósi fljótt að

hrafla við þá á öðru máli. Mér er næst að halda að um ósjálfráð viðbrögð sé að ræða, vafasama kurteisi, útbreidda vantrú á að erlent fólk geti nokkru sinni lært íslensku, jafnvel þótt dæmin sýni annað.

Um leið og lögð er meiri áhersla á góða kennslu í erlendum málum í skólum landsins, auk íslenskukennslunnar, verður auðvitað einnig að muna eftir því að sífellt fleiri nema hér íslensku sem annað mál af því að þeir hafa flust til landsins eða eiga erlenda foreldra. Auk þess koma margir útlendingar hingað til lands til að læra íslensku sem erlent mál án þess að setjast hér að. Þá eykst sá hópur útlendinga stöðugt sem vill læra íslensku í heimalöndum sínum, á námskeiðum eða í háskólanámi. Þessu eiga Íslendingar yfirleitt bággt með að trúa þótt undarlegt sé. Er það í litlu samræmi við stolt þjóðarinnar af tungu sinni. En staðreyndin er að aldrei fyrr hafa fleiri lagt sig eftir íslensku erlendis, bæði vegna náms í málvísindum og miðaldabókmenntum og vegna almenns áhuga á að ná tökum á málinu til að geta notað það í störfum sínum eða vegna fjölskyldutengsla.

Evrópusambandið leggur mikla áherslu á nauðsyn málakennslu. Leggur það fram mikið fé til alls konar tungumálasamstarfs. Er það stefna þess að viðhalda þeirri fjölbreytni í tungumálum sem fyrir er í Evrópu svo sem framast er kostur. Þess vegna styrkir það ekki síst samstarf um kennslu í málum sem tiltölulega fáir tala. Við Íslendingar höfum notið góðs af þessari stefnu sambandsins. En það skiptir raunar meira máli að við gerum okkur grein fyrir hvílíkur stuðningur það er fyrir framtíð íslensks máls að útlendingar vilja nema málið. Við verðum að efla kennslu í íslensku fyrir útlendinga, hvort heldur það er hér á landi eða erlendis.

Það er einnig í samræmi við aukna áherslu á alþjóðasamstarf og gæslu hagsmuna okkar erlendis að styrkja hvers konar menningarsamskipti. Jafnframt ætti það að vera í samræmi við íslenska málstefnu að veita sem flestum sem besta kennslu í íslensku, hvort sem þeir eru fæddir Íslendingar, útlendingar sem hafa flust til landsins eða erlendir ríkisborgarar sem vilja læra íslensku þar sem þeir telja sig hafa gagn og gaman af því.

Á undanförunum árum hefur talsvert miðað í því að bæta íslenskukennslu útlendinga. Eins og þegar hefur verið vikið að á þessu þingi er nú völ á miklu betri kennslu fyrir útlendinga, sem hér eru búsettir, en áður, sérstaklega á Reykjavíkursvæðinu. Þá hefur íslenskukennsla fyrir útlendinga verið eflað við Háskóla Íslands en hún þjónar einkum útlendingum sem koma hingað til fræðilegs náms, ekki til að setjast að þótt sumir þeirra ilendist. Auk þess hefur nokkru meira fé en áður verið varið til íslenskukennslu við erlenda háskóla og til að styrkja erlenda námsmenn til íslenskunáms við Háskóla Íslands.

Stofnun Sigurðar Nordals er menntastofnun sem starfar við Háskóla Íslands. Hlutverk hennar er að efla hvarvetna í heiminum kynningu og rannsóknir á íslenskrri menningu að fornu og nýju og tengsl íslenskra og erlendra fræðimanna. Hlutverki sínu gegnir stofnunin m.a. með því að hafa forgöngu um íslenskukennslu erlendis, hafa umsjón með sendikennslu í íslensku við erlenda háskóla og annast þjónustu við sendikennarana, gangast fyrir sumarnámskeiðum í íslensku og íslenskum fræðum í samráði við heimspekideild Háskóla Íslands og taka þátt í samvinnu við erlenda aðila um starfsemi á þessum sviðum.

Stofnun Sigurðar Nordals gerði könnun á íslenskukennslu við erlenda háskóla árið 1998. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem þá var aflað, er nútímaíslenska kennd við 38 háskólastofnanir erlendis. Í rúmum helmingi þeirra eru við störf kennarar sem hafa kennslu í íslensku að aðalstarfi. Má ætla, eftir þeim tölum sem fyrir liggja, að fjöldi nemenda í íslensku við þessar 38 stofnanir sé vel á annað þúsund á ári hverju.

Íslenska ríkið styrkir nú 14 lektorstöður við jafnmarga háskóla erlendis, tvo í Noregi og Svíþjóð, einn í Danmörku, Finnlandi, Austurríki og Bretlandi og þrjá í Þýskalandi og Frakklandi. Um er að ræða launaframlag til lektoranna, ferðastyrk til að sækja árlega lektorafundi og bókastyrk til kennarastólanna.

Á þessum þrettán árum, sem Stofnun Sigurðar Nordals hefur starfað, hafa íslensk stjórnvöld hafið stuðning við íslenskukennslu við Lundúnaháskóla og háskólana í Erlangen og München í Þýskalandi, Vín í Austurríki og Lyon í Frakklandi. Á þessum stöðum, nema í London, eru laun kennaranna þó að miklum hluta greidd af skólunum sjálfum. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar skuldbundið sig til að greiða hálfu stöðu lektors í London. Þá hafa stjórnvöld hér á landi nýlega lagt fram umtalsvert fé til Manitoba-háskóla til að efla kennslu í íslensku og vestur-íslenskum fræðum þar og bæta aðstöðu bókasafnsins. Á síðustu mánuðum hefur verið óskað eftir enn meiri stuðningi við kennslu í íslensku í Þýskalandi og leitað eftir stuðningi frá Japan og Spáni. Enn þá hefur ekki verið tekin afstaða til beiðna þessara enda er unnið að endurskoðun á stuðningi við íslenskukennslu erlendis í kjölfar þess að menntamálaráðuneytið lét gera úttekt á kennslu í nútímaíslensku við erlenda háskóla að frumkvæði Nordalsstofnunar. En í úttektinni var lögð áhersla á að styrkja enn frekar íslenskukennslu erlendis heldur en nú er gert. Á fjárlögum fyrir árið 2000 hefur stofnunin 3,6 milljónir til þessa málaflokks og menntamálaráðuneytið greiðir um 1,8 milljónir til launa sendikennara í Lundúnum.

Í úttektinni á íslenskukennslu erlendis er jafnframt lögð áhersla á að koma á fjarkennslu í íslensku með samvinnu kennara í Háskóla Íslands og sendikennara í íslensku erlendis. Eins og oft hefur verið bent á háir kennsluefnisskortur kennslu í íslensku sem erlendu máli. Til að takast megi að fjarkenna útlendingum íslensku þyrfti að búa til fjarkennsluefni á Netinu. Er nú vonast til að unnt verði að hrinda því í framkvæmd í samvinnu við Wisconsin-háskólann í Madison og með stuðningi ráðuneytisins.

Að tilhlutan Norrænu ráðherranefndarinnar er hér haldið sumarnámskeið í íslensku fyrir norræna stúdenta árlega í júní. Þá gangast Stofnun Sigurðar Nordals og heimspekideild Háskóla Íslands fyrir alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku og íslenskri menningu í júlí ár hvert. Þótt námskeiðin séu haldin hér á landi er eðlilegast að líta á þau sem stuðning við kennslu í íslensku erlendis enda koma nemarnir aðeins hingað til að taka þátt í námskeiðinu en hverfa síðan til síns heima. Hafa íslenskulektorar erlendis bent á að þessi námskeið séu ómetanlegur stuðningur við kennslu þeirra sjálfra enda geti nemendur þeirra, sem koma hingað til lands, þjálfað sig mun betur í töluðu máli en kostur sé við erlenda háskóla. Ekki hefur verið unnt að anna öllum umsóknum um norræna námskeiðið en rúmlega 30 namar taka þátt í því á ári. Á síðustu árum hafa umsóknir um sumarnámskeið Nordalsstofnunar og heimspekideildar verið rúmlega eitt hundrað en aðeins er unnt að verða við um helmingi þeirra.

Leitað hefur verið leiða til að auka framboð á sumarnámskeiðum í íslensku til að koma til móts við vaxandi eftirspurn. Stofnunin hefur nú skipulagt í samvinnu við Minnesotaháskóla sex vikna námskeið í íslensku á næsta sumri, færur fyrri þrjár vikur námskeiðsins fram í Minneapolis en síðari þrjár hér í Reykjavík. Nútímaíslenska hefur ekki verið kennd um skeið í bandarískum skólum en áhugi á sumarnámskeiðum er þar mikill. Má búast við að hann vaxi enn frekar í kjölfar landkynningarátaksins sem Landafundanefnd hefur staðið fyrir í Norður-Ameríku á árinu 2000. Námskeiðið hefur verið auglýst og hefur Minnesota-háskóli lagt fram fé til að borga kennslukostnað vestra og styrkja nema til þátttöku í námskeiðinu. Stofnun Sigurðar Nordals þarf hins vegar að afla styrkja til að greiða kennslukostnað hér á landi.

Samstarfsnefnd um Norðurlandafræðslu erlendis er samstarfsvettvangur þeirra stofnana á Norðurlöndum sem hafa umsjón með kennslu í Norðurlandamálum við erlenda háskóla. Stofnun Sigurðar Nordals tekur þátt í þessu samstarfi. Nefndin starfar í samræmi við norræna tungumálastefnu eins og henni er m.a. lýst í norræna menningarsamningnum sem öðlaðist gildi 1. janúar 1972. Þar segir að ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar séu sammála um að „efla kennslu í tungumálum annarra Norðurlandþjóða og fræðslu um menningu þeirra og þjóðfélagshætti“. Nefndin hefur af því vaxandi áhyggjur að þrengt hefur verið að sendikennslu í norrænum málum við háskóla á Norðurlöndum, hafa stöður verið lagðar niður eða þeim breytt í fastar kennslustöður án rannsóknarskyldu. Nefndin hefur vakið athygli stjórnvalda á að þessi þróun sé í andstöðu við tungumálastefnu Norðurlanda og Evrópusambandsins og geti haft slæmar afleiðingar fyrir kennslu á lægri stigum þegar fram í sækir og kennarar verða síður undirbúnir vegna slakara náms. Nefndin boðaði fulltrúa margra háskóla á Norðurlöndum til þings um þessi mál í Helsinki 17. nóvember 2000 til að gera úttekt á vandanum og reyna að finna leiðir til lausnar á honum. Niðurstöður þess fundar verða kynntar Norrænu ráðherranefndinni, Norðurlandaráði og menntamálaráðuneytum landanna.

Innan norræns samstarfs hefur um árabil verið lögð áhersla á nemendaskipti og hvers konar námskeið bæði til að efla nám á Norðurlöndum og auka menningarsamskipti. Hið sama hefur átt sér stað innan Evrópusamstarfsins. Ísland gerðist aðili að Erasmus-áætlun Evrópusambandsins árið 1992 og á námsárinu 1992-1993 fóru fyrstu skiptinemarnir utan til hálfis eða eins árs námsdvalar. Á síðustu árum hefur fjöldi Erasmus-nemenda, sem koma hingað til lands, dregið mjög á þá sem fara utan. Eru þeir nú um 120 á ári. Íslendingar eru ekki lengur aðeins neytendur í alþjóðasamstarfi á sviði háskólamenntunar. Nú stunda hátt á fjórða hundrað erlendir stúdentar nám við Háskóla Íslands.

Mikill skortur hefur verið á kennsluefni í íslensku handa skiptistúdentum svo þeir mættu undirbúa sig fyrir dvölinna hér á landi. Stofnun Sigurðar Nordals bauðst árið 1997 að taka þátt í þriggja ára verkefni fimmtán háskólastofnana á Norðurlöndum, í Bretlandi, Hollandi, Belgíu, Grikklandi, Ítalíu og Portúgal, sem hefur það að markmiði að búa til margmiðlunarefni fyrir byrjendur í Norðurlandamálum, hollensku, grísku, ítölsku og portúgölsku. Þetta á að verða sjálfsnámsefni. Því verður fyrst um sinn dreift á geisladiski til að mynd- og hljóðgæði verði sem best en í athugun er að setja námsefnið á veraldarvefnum síðar. Verkefnið, sem kallast á ensku „Small is Beautiful - Language Mobility: A Pilot for Multimedia Package for Academic Purpose“, hefur notið velvildar Linguaáætlunar Evrópusambandsins og hlotið styrki í þriggja. Hér á landi hefur menntamálaráðuneytið styrkt verkefnið, kennslumálasjóður Háskóla Íslands, menningarsjóður Íslandsbanka, Þjóðhátíðarsjóður og Málræktarsjóður. Þetta er í fyrsta skipti sem útbúið er margmiðlunarefni í íslensku fyrir erlenda stúdenta. Það er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem koma hingað til náms um lengri eða skemmri tíma svo að þeir geti undirbúið sig áður með því að læra undirstöður daglegs máls og fræðast um land og þjóð. Námsefnið ætti engu síður að koma öðrum að notum.

Tilgangur Stofnunar Sigurðar Nordals með því að taka þátt í þessu verkefni var þó ekki eingöngu að búa til kennsluefni í íslensku sem a.m.k. hæfði einum hópi nema og væri til notkunar í tölvum sem ungt fólk vill fremur nota en bækur og hljómbönd. Hugmyndin var einnig að efla þekkingu þeirra sem stunda kennslu í íslensku fyrir útlendinga á kennslufræði tungumála og gefa þeim tækifæri til að búa til kennsluefni í samvinnu við starfsbræður og -systur annars staðar í Evrópu. Eins og sendikennarar hafa margoft bent á í ályktunum sendikennarafunda er brýn nauðsyn að efla

undirbúning þeirra sem sinna kennslu í íslensku sem öðru og erlendu máli með því að gefa þeim kost á námi í kennslufræði tungumála. Því ber að fagna að Háskóli Íslands hefur sinnt því kalli á þessu skólaári. Um leið er nauðsynlegt að efla frekar rannsóknir á málnotkun þeirra sem læra málið sem annað og erlent mál og námsferlinu sjálfu. Væri þá stórt skref stigið í þá átt að kennsla í íslensku fyrir þá sem ekki eiga hana að móðurmáli hljóti viðurkenningu sem sérgrein.

Í bók sinni *English as a Global Language* leggur David Crystal áherslu á, þegar hann fjallar um þróun ensku og annarra tungumála næstu hálfu öldina, að annars vegar eflist enskan vegna vaxandi nauðsynjar á skilningi þjóða milli en hins vegar muni þörfin á samkennd innan samfélaga styrkja þjóðtungur. Árið 2001 er tungumálaár Evrópu. Er það fagnaðarefni að landsnefndin, sem sett var á fót hér til að undirbúa tungumálaárið, leggur áherslu á kennslu í íslensku fyrir útlendinga í framkvæmdatillögum sínum.

Heimildir

Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Reykjavík.

Crystal, David. 1997. *English as a Global Language*. Cambridge.

Guðmundur Hálfðanarson. 1996. Hvað gerir Íslendinga að þjóð? Nokkrar

hugleiðingar um uppruna og eðli þjóðernis. *Skírnir* 170 (vor 1996): 7-31.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.